



Dagsetning
12.08.2015

Minjastofnun Íslands
Pétur Ármannsson
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 12.08.2015 var eftirfarandi erindi til umfjöllunar:

1508148 - Hellubraut 5 og 7, deiliskipulag

Gunnar Hjaltalín, Sævangi 44, Hafnarfirði, óskar eftir að deiliskipulagi er varðar lóðina Hellubraut 7, verði breytt og heimild veitt til þess að rífa núverandi hús og byggja nýtt í staðinn.

Vísað er til ítarlegra gagna, tveggja greinargerða sem hafa verið lagðar fram um ástand hússins.

Áformað er að teikna tvö hús á lóðirnar Hellubraut 5 og 7, þannig að heildarmyndin á Hamrinum yrði til mikilla bóta.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til umsagnar Minjastofnunar og síðan til Skipulags- og byggingarráðs.

Í samræmi við þetta óska ég eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um erindið að rífa húsið að Hellubraut 7. Verði umsögnin jákvæð verður sótt um formlegt leyfi til niðurrifs í samræmi við 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Meðfylgjandi er umfjöllun um húsið Hellubraut 7 úr Húsaskráningu sem unnin var af Karli Þórssyni sagnfræðingi Byggðasafni Hafnarfjarðar árið 2009 ásamt Ástandsskýrslu sem unnin var af Verkfræðistofunni Strendingi árið 2011 og Ástandskönnun og rakamælingum sem unnin var af Sigurbergi Árnasyni arkitekt árið 2012.

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
Tölvupóstfang: bjarki@hafnarfjordur.is